

Norrænu verslunarsamtökin
í Helsingfors

Yfirlýsing varðandi SEPA og greiðslukort

Evrópsku bankarnir, Evrópski seðlabankinn (ECB) og framkvæmdastjórn ESB vinna að því að koma á laggirnar sameiginlegu evrópsku greiðslumiðlunarsvæði, nefnt SEPA, Single European Payments Area. Markmiðið er að til verði sameiginlegt bankakerfi fyrir yfirfærslur, beinar gjaldfærslur og kortagreiðslur. Þessari þjónustu verður fyrst hleypt af stokkunum 1. janúar 2008. Aðlögunartíminn mun vara til ársloka 2010.

Norrænu verslunarsamtökin samþykktu sameiginlega eftirfarandi yfirlýsingu um SEPA á fundi sínum í Helsingfors 17. – 19. ágúst:

- Mótun sameiginlegs greiðslumiðlunarsvæðis í Evrópu á svo stuttum tíma gerir kröfu um að vandað sé til undirbúningsins vegna þess að greiðslukerfi landanna er mjög mismunandi.
- Fulltrúar verslunarinnar krefjast þess að vera aðili að undirbúningnum, einnig innan heimalanda sinna.
- SEPA kerfið fyrir kortagreiðslur þarf að byggja á skilvirkustu og hagkvæmustu lausnum innan hvers lands og tryggja um leið að notast verði við þau kerfi sem virka vel í hverju landi fyrir sig.
- Þjónustugjald verði í hlutfalli við þá þjónustu sem hver söluaðili nýtur og byggi á gegnsæi og samkeppni. Þeir aðilar sem greiðslukerfið hefur áhrif á þurfa að vera vel upplýstir um samsetningu svokallaðs skiptigjalds (e.interchange fee) og innlausnargjaldsins. Engin fjármálaleg rök eru fyrir prósentulegum kortagjöldum.
- Söluaðilar innan SEPA þurfa að geta gefið viðskiptavinum sínum afslætti. Þeir þurfa einnig að geta gjaldfært á viðskiptavini kostnað við að ná mestri hagkvæmni við greiðsluuppgjör. Þetta myndi auka skilvirkni á markaði með því að viðskiptavinurinn yrði meðvitaðri um mismunandi gjald eftir því hvernig greitt er. Svonefnd NDR - (Non - Discrimination Rule) regla verði bönnuð.
- Evrópski seðlabankinn og framkvæmdastjórn ESB ættu að vera óháðir eftirlitsaðilar. Þessi aðilar ættu að tryggja að þau innlausnargjöld sem söluaðilar greiða séu í samræmi við raunverulegan kostnað við SEPA.
- Markmið SEPA um aukna notkun og meiri skilvirkni ætti að koma versluninni til góða með lægri þjónustugjöldum. Ef kortamarkaðurinn þróast ekki á jákvæðan hátt þarf að íhuga aðgerðir, t.d. strangari reglusetningu á kortafyrirtæki.

Dansk Handel & Service
Félag íslenskra stórkaupmanna
Förbundet för Finsk Handel
HSH – Handels- og Servicenæringens Hovedorganisasjon
Svensk Handel
SVP – Samtök verslunar og þjónustu